

Aðalfundur foreldrafélags Brekkuskóla fór fram 25. september 2012

Kl. 20-22

Mæting á fundinn var mjög góð og umræður voru góðar og gagnlegar um ýmsa þætti í skólastarfinu.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar

- Jóhann Gunnarsson, formaður kynnti skýrslu stjórnar.

2. Endurskoðun ársreikninga

- Sigmundur Kr. Magnússon, gjaldkeri fór yfir stöðu fjármála og samþykkt var að hækka gjald foreldra til félagsins sem hefur verið það sama undanfarin ár. Eftirleiðis verður gjaldið 2000. kr. á hvert heimili

3. Umræður um skýrslu stjórnar og atkvæðagreiðsla um ársreikninga

4. Kosning stjórnar samkvæmt 4. grein

- Margir komu inn í stjórn foreldrafélagsins í fyrra og vilja sitja áfram en foreldrar á fundinum voru hvattir til að koma í stjórnina. Tveir foreldrar ákváðu að fara í stjórn félagsins: Bryndís María Davíðsdóttir og Ragnheiður Halldórsdóttir.

5. Kosning tveggja endurskoðenda

- Endurskoðendur: Helgi Svavarsson og Sigurður Jónsson

6. Fyrirlestur Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur P.h.D. Dósent í sálfræði

7. Erindi skólastjórnar

- Jóhanna María skólastjóri Brekkuskóla tók til máls og hvatti foreldra til að láta sig skólamálin varða og auka heimsóknir sínar í skólann.

8. Önnur mál

- Ný tillaga að deiliskipulagi í kringum Brekkuskóla var kynnt og góðar umræður fóru fram um hvernig öryggi barnanna verður best tryggt. Foreldrar komu fram með ýmsar hugmyndir sem ræddar verða á sérstökum fundi sem fram fer mánudaginn 1. október kl. 20 á sal skólans.